

AUGLÝSING

um endurskoðun deiliskipulags og breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt endurskoðun á deiliskipulagi og breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

Hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum, endurskoðun deiliskipulags.

Samþykkt í bæjarstjórn 30. mars 2016. Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags á svæðinu, sem er í nokkrum áföngum frá ýmsum tímum á árabilinu 1981-2005 og með síðari breytingum. Endurskoðað skipulag er sett fram sem ein heild en með nokkrum viðbótum, uppfærslum og breytingum á skilmálum, s.s. varðandi viðbyggingar við hesthús, stækkunarmöguleika reiðhallar og félagsheimilis, nýjar reiðleiðir austan og vestan hesthúsa og stækkun bílastæða og kerrustæðis sunnan reiðhallar. Ekki er um að ræða fjölgun hesthúsa.

Breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Helgafellshverfis, Gerplustræti 31-37.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 2016. Helstu breytingar eru fjölgun íbúða úr 32 í 40, fækkun stigahúsa úr fjórum í tvö, tilslökun á kröfum um bílastæði og að vestasti hluti húss megi vera fjórar íbúðarhæðir. Sýndur er byggingarreitur fyrir bílakjallara og gerð grein fyrir fjölgun bílastæða ofanjarðar innan lóðar.

Ofangreindar endurskoðaðar og breyttar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið tilskilda meðferð samkvæmt skipulagslögum og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi allir eldri skipulagsupprættir og skipulagsskilmálar á hestaíþróttasvæðinu á Varmárbökkum.

F.h. Mosfellsbæjar, 23. maí 2016,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2016